

## Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 52/1912

Landsbanki Íslands  
gegnJakobi Jónssyni fyrir hönd  
eigenda skipsins «Iho».

## Dómur:

Í máli þessu hefir áfrýjandinn, »Landsbanki Íslands,« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. nóv. f. á., úrskurði uppkveðnum í fúgetarétti Reykjavíkur 11. okt. f. á., á þá leið, að fjárnám skyldi eigi gert í fiskiskipinu »Iho«, eign H. P. Dausverzlunar, til lúkningar veðskuld til Landsbankans, að eftirstöðvum kr. 5265.94 með 8% ársvöxtum frá 10. marz 1911, samkvæmt veðskuldahréfi útgefnu 30. jan. 1908 af Birni Símonarsyni. Krefst áfrýjandi, að úrskurður þessi verði feldur úr gildi, og að fúgetinn verði skyldaður til að framkvæma fjárnámið, en verzlunarstjóri Jakob Jónsson fyrir hönd H. P. Dausverzlunar dæmdur til að greiða Landsbankanum málskostnað eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Má þetta er þannig tilkomið, að nóttina milli 27. og 28. febrúar 1910 rak fiskiskipið »Egill«, sem þá var eign hlutafélagsins »Stapinn« og Björns kaupmanns Símonar-

sonar í Reykjavík, að helmingi hvors, á land á Seltjarnarnesi. Eftir beiðni hlutafélagsins kvaddi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn til að skoða skipið og láta uppi álit um, hvort það væri sjófært, hvað viðgerð á því mundi kosta og hvort hún væri tilvinnandi. Samkvæmt álitsgjörð þessara manna, sem þeir viðurkendu í aukarétti sýslunnar 30. apríl 1910, en staðfestu eigi með eiði, með því að gjörðarbeiðandi tók gjörðina gilda, sem eiðfest væri, úrskurðaði rétturinn, »að skipið Egill frá Reykjavík bæri að dæma og álíta strand og meðhöndla það þannig«, og var jafnframt eftir ósk nefnds hlutafélags ákveðið að selja skipið við opinbert uppboð. Var auglýsing um það gefin út 2. maí s. á. og uppboðsdagur settur 7. s. m. Á uppboðinu kom Björn Símonarson fram með mótmæli gegn sölunni á sínum helmingi skipsins, með því að hann hefði engan þátt átt í þeirri ráðstöfun á skipinu og uppboðið verið auglýst án sinnar vitundar, en þeim mótmælum var hrundið með úrskurði uppboðsréttarins, uppkveðnum sama dag, og fór uppboðið fram; varð Ellingsen skipasmiður hæstbjóðandi í skipsskrokkinum með möstrum, reiða, spili og öllu því, sem áfast var við það og í því geymt við hamarshögg, og fekk hann skilyrðislaust uppboðsafsal fyrir skipsskrokkinum með möstrum o. s. frv. eftir að hann hafði greitt uppboðsverðið 570 kr., sem látið var ganga upp í 6000 kr. veðskuld, er skipið var veðsett fyrir Íslandsbanka með 1. veðrétti. Skipið seldi kaupandi síðan stefnda, H. P. Duus-verzlun, er lét gjöra það sjófært og breyta nafni þess »Egill« í »Iho«.

En helmingur skipsins »Egill«, sá er var eign Björns Símonarsonar, var veðsettur Landsbankanum með 2. veð-

rétti samkvæmt fyrnefndu skuldabréfi, og með því að áfryjandi leit svo á, að bankinn ætti enn þenna veðrétt í skipinu, þó að það hefði verið dæmt strand og selt, sem þegar er sagt, þá krafðist hann sjárnáms í því, er fógetinn með framangreindum úrskurði neitaði að framkvæma. Kröfu sína byggir áfryjandi á því, að uppboðið á skipinu 7. maí 1910 hafi eigi verið stranduppboð, en haldið einvörðungu í því skyni, að slíta sameign hlutafélagsins »Stapinn« og Björns Símonarsonar um skipið, og hafi því alls eigi getað ónýtt eða losað neinar veðskuldir af því, og þó að uppboðið yrði álitid verið hafa stranduppboð, yrði það eigi metið sem nauðungaruppboð, að því er til veðskulda kæmi, er á skipinu hvíldu, með því að öll meðferð á skipinu sem strandi hafi verið ólögleg; það hafi verið heimildarlaust að úrskurða skipið strand, það hafi verið selt gegn mótmælum annars eigandans, og uppboðið eigi nægilega auglýst, svo að bankinn hafi eigi átt kost á að gæta þar réttar síns.

Í þessu máli getur það nú eigi komið til álita, hvort löglegt hafi verið að dæma skipið »Egill« strand eða selja það á uppboði eins og gert var, með því að úrskurðunum hér að lútandi 30. apríl og 7. maí 1910 og uppboðsgjörðinni sjálfri hefir eigi verið áfryjað, og mótmæli áfryjanda gegn réttargjörðum þessum geta því eigi tekist til greina. Það verður eigi heldur eftir framangreindum atvikum málsins og undirbúningi uppboðsins 7. maí lítið svo á, að uppboð þetta hafi að eins verið haldið til að leysa sundur sameignina í skipinu. Á slíkt var eigi minst fyr en í uppboðsréttinum, er Björn Símonarson hóf mótmæli gegn sölunni, af því að hann hafði eigi tekið þátt í þeirri ráðstöfun, en ekki af því, að skilyrði væru eigi að

öðru leyti fyrir því, að selja skipið samkvæmt strandlög-  
unum 14. jan. 1876, og úr því eina atriði var leyst með  
úrskurðinum 7. maí, hvort áminst mótmæli gætu stöðvað  
uppboð á skipinu sem strandi, en hins vegar liggur ekk-  
ert það í úrskurðinum, er breyti tegund og tilgangi upp-  
boðsins eins og til þess var stofnað frá upphafi.

Nefnt uppboð verður því að teljast stranduppboð, og  
verður þá um hið selda skip að fara eftir almennum  
reglum um strandaða fjármuni, er seldir eru sem slíkir,  
að veðbönd og önnur eignarbönd á þeim hverfa við söl-  
una, þegar annað er eigi beint áskilið, en veðhafar og  
aðrir rétt hafar eiga að eins tilkall til uppboðsverðsins.

Það var samkvæmt þessu rétt að fógetinn neitaði að  
heyja fjárnámið, og ber því að staðfesta hinn áfryjaða  
úrskurð.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum  
mæga falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfryjaða úrskurði skal óraskað. Málskostna-  
ður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 4/1913.

Þorsteinn Gíslason  
gegn  
Birni Kristjánssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði bankastjóri í Landsbanka Íslands,